



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. ágúst 2026
USK26040131

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 19. ágúst 2026 um eftirfarandi mál:

Teigahverfi - Breyting á deiliskipulagi - Reykjavegur, Hofteigur, Kirkjuteigur, leiðrétt gögn

Leiðrétt gögn frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 12. ágúst 2026, liður 2. Uppdráttur leiðréttur úr dags. 13. apríl 2026 í dags. 13. apríl 2026, breytt 26. júní 2026.

Rétt bókun er:

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna Reykjavegar, Hofteigs og Kirkjuteigs. Í breytingunni sem lögð er til felst að loka fyrir umferð Kirkjuteigs annars vegar og hins vegar Hofteigs inn á Reykjaveg og að minnka óverulega lóð Laugarnesskóla til að koma fyrir snúningssvæði við enda Hofteigs, samkvæmt uppdr. Landslags, dags. 13. apríl 2026, br. 26. júní 2026. Tillagan var auglýst frá 15. maí 2026 til og með 26. júní 2026. Athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 5. ágúst 2026. Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. ágúst 2026. Vísað til borgarráðs.

Ágúst Skorri Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknar:

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir einróma breytingu á deiliskipulagi við Hofteig og Kirkjuteig. Meirihluti Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar fagnar því að tryggja eigi öruggi gangandi vegfarenda í kringum Laugarnesskóla og Skólaborpið og bendir á að mikilvægt sé að þessar breytingar komist til framkvæmdar sem fyrst þar sem að ítrekað hafa orðið árekstrar og slys á Reykjavegi þegar nemendur í Laugarnesskóla eru að ganga eða hjóla til og frá skóla. Nýlega fluttist stór hluti nemenda skólans í skólaborpið og fleiri nemendur munu flytja þangað á næstu mánuðum og það er gott að sjá að með þessum breytingum er verið að tengja skólaborpið betur við Teigana. Ánægjulegt er að sjá hvernig tekið hefur verið tillit til hjólandi, en mjög margir hjólandi vegfarendur nýta þessi tvö gatnamót sem um ræðir.

Lögð fram svohljóðandi bókun Samfylkingarinnar:

Öryggi gangandi vegfarenda, og ekki síst skólabarna við Laugarnesskóla, á alltaf að vera í forgangi og mikilvægt er að tryggja greitt og öruggt aðgengi gangandi og hjólandi. Fulltrúar Samfylkingarinnar fagna því að tillagan hafi verið samþykkt.



Reykjavík




Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: uppdr. Landslags, dags. 13. apríl 2026, br. 26. júní 2026, innsendar athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 5. ágúst 2026.



Reykjavík



Gildandi deiliskipulag

Deiliskipulag Teigahverfi - syðri hluti

Í gildi er deiliskipulag fyrir Stgr. 1.360-1.365, Teigahverfis - syðri hluti sem var samþykkt 2. júlí 2002 ásamt síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi - Hofteigur og Kirkjuteigur

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

Breyting á deiliskipulagi er til að bæta umferðaröryggi á Reykjavægi.

Breytingin felst í því að gegnumakstursgöturnar Hofteigur og Kirkjuteigur verða botngötur og verður lokað á umferð akandi um þær inn á Reykjavæg en eftir sem áður verður opið fyrir umferð gangandi- og hjólandi vegfarenda.


Tengingar við aðliggjandi svæði verða útfærðar með þeim hætti að samfella göngu- og hjólaleiða verður betri en fyrir er.

Með því að draga úr gegnumakstri bifreiða skapast betri aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og umferðaröryggi á svæðinu eykst.

Hofteigur

Við enda Hofteigs er gert ráð fyrir snúningssvæði fyrir akandi umferð og vegna þess er þörf á að minna lóð Laugarnesskóla óverulega. Lóðin minnkar um 137 m² og fer frá því að vera 23.127 m² í að vera 22.990 m². Minnkun lóðarinnar er það óveruleg að hún hefur ekki áhrif nýtingarhlutfall sem er óbreytt eða 0,28.

Gert er ráð fyrir kantsteini, götugögnum og gróðri við enda Hofteigs en útfærsla verður skilgreind nánar í hönnun. Í framhaldi af gangstétt meðfram sunnanverðum Hofteig er gangbraut yfir Reykjavæg en gert er ráð fyrir miðeyju á Reykjavægi þar sem gangbrautin er til að bæta öryggi á gangbrautinni.



Breytt deiliskipulag

Kirkjuteigur

Gert er ráð fyrir litlu snúningssvæði fyrir akandi umferð við enda Kirkjuteigs sem verður útfært þannig að nokkur núverandi langstæði beggja megin götunnar verða feld burt en útfærsla verður skilgreind nánar í hönnun.

Gert er ráð fyrir þröngu á Reykjavægi þar sem núverandi tenging er við Kirkjuteig og er tilgangurinn að bæta öryggi á gangbraut yfir Reykjavæg en núverandi gangbraut mun hliðrast um nokkra metra til suðurs.

Fyrir utan breytingar þessar gilda áfram eldri skilmálar.

Umhverfisáhrif


Lokun Kirkjuteigs og Hofteigs fyrir akandi umferð að Reykjavægi hefur áhrif á leiðir íbúa við umræddar götur. Aukið umferðarflæði akandi á öðrum götum á svæðinu er talið lítið og vel innan þolmarka þeirra gatna sem umferðin færir á. Möguleikinn á gegnumakstri akandi um Kirkjuteig og Hofteig hverfur, sem er talið hafa jákvæð áhrif á umferð og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda við Reykjavæg og við Laugarnesskóla. Það verður enn mögulegt að nota sleppistæði með hringakstri norðan við Laugarnesskóla fyrir börn sem er ekið til skóla. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru talin óveruleg.

Samræmi við aðrar áætlanir

Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, m.a. hvað varðar að bæta hönnun gatnarýmis og umbætur sem varða almenningssamgöngur, hjólríðar og gangandi vegfarendur.

Eftirfarandi breytingar voru gerðar eftir auglýsingar- og kynningartíma:


Orðlag er gert skýrara þannig að ljóst er að eftir sem áður verður opið fyrir umferð gangandi- og hjólandi vegfarenda um Hofteig og Kirkjuteig. Þá er skýrt betur að tengingar við aðliggjandi svæði verða útfærðar með þeim hætti að samfella göngu- og hjólaleiða verður betri en fyrir er.



HLUTI GILDANDI AÐALSKIPULAGS 2040

SKÝRINGAR FYRIR TILLÖGU

- BYGGINGARREITUR (A)
- BYGGINGARREITUR (B) FYRIR BRÁÐABIRGÐAKENNSLUSTOFUR
- BYGGINGARREITUR (C) FYRIR GERVIGRASVÖLL
- BYGGINGARREITUR (D)
- LÓÐAMÖRK
- VERNDUN 20. ALDAR BYGGINGAR
- BRÁÐABIRGÐAHÚSN/EDI BYGGINGAR SEM HEIMILT ER AÐ FJARLÆGJA
- GÖNGUSTÍGUR
- MÖRK SKIPULAGSBREYTINGAR
- LOKUN HOFTEIGS OG KIRKJUTEIGS VIÐ REYKJAVÆG



Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann _____ 20__ og í

þann _____ 20__

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__

26.06.20026. BREYTT EFTIR AUGLÝSINGAR- OG KYNNINGARTÍMA

REYKJAVÍKURBORG - LAUGARDALUR
DEILISKIPULAG TEIGAHVERFI - SYÐRI HLUTI
BREYTING Á DEILISKIPULAGI

KVARDI-A2:	1:1000	TEIKN NR:	101
DAGS:	13.04.2026	HANNAÐ:	óí
FLOKKUR:	000-reyk-laugd_A	TEIKNAD:	óí /er
SKRÁ:		VERKNR:	24197





Landssamtök hjólreiðamanna

Reykjavíkurborg
Borgartún 12–14, 105 R.

Skipulagsgátt: [Teigahverfi - Reykjavegur, Hofteigur, Kirkjuteigur - USK26040131 Mál nr. 599/2026](#)

Kópavogi, 20. maí 2026

Umsögn um:

Teigahverfi - Reykjavegur, Hofteigur, Kirkjuteigur

Landssamtök hjólreiðamanna (LHM) hafa skoðað tillögu að breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna Reykjavegar, Hofteigs og Kirkjuteigs:


Í breytingunni sem lögð er til felst að loka fyrir umferð Kirkjuteigs annars vegar og hins vegar Hofteigs inn á Reykjaveg og að minnka óverulega lóð Laugarnesskóla til að koma fyrir snúningssvæði við enda Hofteigs.

LHM vill koma á framfæri athugasemdum við þessa tillögu enda virðist sem lokað verði á umferð hjólandi á milli Kringlumýrarbrautar og Laugardals. LHM leggur til að úr þessu verði bætt.

Hofteigur

§ Tengsl við aðliggjandi svæði:

Sbr. meðfylgjandi hluta af teikningu úr tillögunni að þá liggur Reykjavegur almennt norður/suður en það er angi af honum sem liggur austur/vestur (1) á milli meginhlutans annars vegar og Laugardals hins vegar. Samhliða þeim búi er stígur (2) sunnan megin sem liggur austur/vestur og kemur í dag upp að þverun á Reykjavegi. Sú þverun hefur í þessari tillögu verið færð til norðurs (3) þannig að stígurinn og þverunin stemma ekki saman; þverunin (3) myndi nú stemma við (1) en þyrfti að stemma áfram við (2):



Engar upplýsingar er að finna á <https://skipulagsgatt.is/issues/2026/599> um aðliggjandi skipulag. LHM sendu fyrirspurn (RVK-42587) um hvernig skipulagið væri hinu megin og var vísað á <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1283> en þar er engin gögn að finna; þessi takki þar er ekki virkur:

Gögn

Hægt er að hlaða niður einstaka skrá
ofangreind gögn varða einungis hlut

Sækja gögn 

LHM gerir ráð fyrir því að ætlunin sé að að þetta eigi að stemma saman en þar sem ekki var hægt að fá nein gögn um aðlægt skipulag verður LHM að leggjast gegn þessari breytingu að svo komnu máli.

LHM vill benda á að í skipulagsgerð er nauðsynlegt að horft sé til aðliggjandi svæða og unnið í samræmdri heild. LHM hefur oft áður gert athugasemdir við bútasam í skipulag og framkvæmdum, t.d. í Suður-Mjódd (Álfabakka, Árskóga, Skógarsel) en seinustu almennu athugasemdir þar voru

Það er allavega engan veginn hægt að sjá að þarna sé einhver hluti af heildstæðri mynd skipulags og áætlana til næstu áratuga um hvað eigi að gera í Skógarseli, heldur öllu fremur einangraður bútasamur enn einu sinni án nokkurs samhengis við umhverfið.

og Hlíðunum (Lönguhlíð, Litluhlíð, Skógarhlíð) en seinustu almennu athugasemdir þar voru


LHM vill í þessu samhengi ítreka eitt af þremur áhersluatriðum sínum á fundi með stýrihópi hjólréiðaaætlunar 2026-2030 hinn 23. september sl. um að „stoppa í götin á bútasaumnum“. Eskitorg þarfnast heildarhönnunar til lengri tíma, en að lágmarki þarf að lagfæra þessa tengingu við Litluhlíð sem hluta af þessu verkefni núna í Lönguhlíð svo að hjólréiðamaður komist með öruggum hætti út úr hringtorginu [...]

LHM vill ítreka þessar almennu athugasemdir um heildræna sýn enn og aftur hér í því samhengi að horfa verður til umferðar hjólandi á milli Kringlumýrarbrautar (4) og Laugardals (5) í þeim breytingum sem hér eru áformaðar á Reykjavegi:



LHM vill sérstaklega vekja athygli á því að þessi leið er töluvert notuð af fólki sem fer hjólandi niður í Borgartún þar sem þetta er eindregnasta leiðin úr Laugardal yfir á göngubrúna við enda Hofteigs (4).

Íbúar við Hofteig tjá LHM að það sé áberandi hvað það er mikil umferð hjólandi og rafskútandi um götuna, sem má skýrt sjá á hitakorti Strava, og að **sú umferð hjólandi sé mest á götunni en ekki á gangstéttinni.**



Með framangreint í huga verður að mati LHM að gera grein fyrir því hvað gerist austan Reykjavegar / Laugardalsmegin í þessari tillögu hér, og hvernig bæði ný þverun og ný tenging inn á bæði götuna og gangstéttirnar á Hofteigi muni þjóna bæði gangandi og hjólandi.

§ Lokað á umferð hjólandi?

Í tillögunni stendur


Breyting á deiliskipulagi - Hofteigur og Kirkjuteigur

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

Breytingin felst í því að gegnumakstursgötur Hofteigur og Kirkjuteigur verða botngötur og verður lokað á umferð um þær inn á Reykjaveg með áherslu á gangandi vegfarendur.

Breytingin felst í því að gegnumakstursgötur Hofteigur og Kirkjuteigur verða botngötur og verður lokað á umferð um þær inn á Reykjaveg.

LHM hefur af því **mjög miklar áhyggjur** að þarna stendur „lokað á umferð“ í stað þess að þarna standi „lokað á umferð bifreiða og annarra skráningarskyldra ökutækja.“ Þessi texti og meðfylgjandi teikning



af Hofteigi ásamt „Gert er ráð fyrir kantsteini, götugögnum og gróðri við enda Hofteigs [...]“ verður einungis skilin sem svo að hjólandi megi ekki hjóla Hofteig á götunni til austurs inn í Laugardal. Heldur verði hjólandi vegfarendur að vera á gangstéttinni, gangandi til ama, sem aftur býr til fullkomlega óþarfa núning á milli vegfarendahópa á þessari mikið notuðu hjólaleið.

LHM vill benda á það að „umferð“ er allskonar, t.d. bílaumferð eða reiðhjólaumferð o.s.v.frv.

LHM vill vekja athygli á því að skv. 42. gr. umferðarlaga skal hjólreiðamaður að jafnaði hjóla á hjólastíg eða hægra megin á akrein. Veitt er undanþágu frá þessu í 43. gr. og hemilað er að hjóla á gangstétt eða göngustíg en innviðir eiga alls ekki að ýta undir það ef engin þörf er á því. Hofteigur er róleg húsagata og alls engin þörf er á því að hjólreiðafólk sé hjólandi á gangstéttum þar.

LHM leggur því mjög eindregið til að tillögunni verði breytt þannig að


*Breytingin felst í því að gegnumakstursgötturnar Hofteigur og Kirkjuteigur verða botngötur og verður lokað á lokað á umferð **bifreiða og annarra skráningarskyldra ökutækja** um þær inn á Reykjaveg með áherslu á gangandi og hjólandi vegfarendur.*

og

*Gert er ráð fyrir kantsteini með **góðum römpum fyrir hjólandi vegfarendur**, götugögnum og gróðri við enda Hofteigs [...]*

eða að ekki verði kantsteinn heldur pollar notaðir til að loka á bílaumferð.

Einnig að hér þar sem er merkt „Lokun götu“




verði sérstaklega gert ráð fyrir hjólandi umferð á götunni (ekki gangstéttinni) sem þurfi að komast yfir þverunina til austurs og inn í Laugardal (og einnig í hina áttina frá Laugardal og inn á götuna (ekki gangstéttina) á Hofteigi). LHM vill vísa til þess hvernig göngu- og hjólastígar byrja við botn Traðarlands sem dæmi um hvernig þetta gæti verið.

Sérstaklega verði hugað að því að alls ekki verði kantar þvert á leið sem hindri för hjólandi vegfarenda. Öllu fremur verði mjúkir, aflíðandi og breiðir rampar þar sem verða hæðarbreytingar.

Einnig að pollar verði notaðir strategískt ef þörf er á til að hindra för bílstjóra, en samt þannig að a.m.k. 1,5 metrar séu á milli polla og að pollar séu ekki í miðri leið/rein hjólreiðafólks.

§ Merkingar:

LHM gerir ráð fyrir því að Hofteigur verði merktur með skilti 652.74



við gatnamót Gullteigs sem gefur til kynna að „*sameiginlegur stígur sé í framhaldi af*“ götunni en að hún sé botngata öðrum, sbr. 21. gr. í reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra. Hugsanlega að þessi merking verði svo ítrekuð við snúningshausinn.

LHM gerir einnig ráð fyrir því að þverunin yfir Reykjaveg til móts við Hofteig verði formlega merkt sem gangbraut, en verði ekki óformleg þverun.


§ Tengsl tillögu við hönnunarleiðbeiningar:

LHM gerir ráð fyrir því að [leiðbeiningum um hönnun fyrir hjólréiðar](#), sem Reykjavík er aðili að ásamt öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðinni, verði ítarlega fylgt, eftir því sem við á, við hönnun og framkvæmdir.

Þó svo að þarna sé ekki hjólastígur að þá er eftir Hofteigi, sem götu, mjög mikilvæg hjólaleið á milli (4) og (5) sbr. mynd hér að framan.

Kirkjuteigur

Framangreindar athugasemdir um Hofteig einnig við um lokun Kirkjuteigs, þar sem við á:



T.d. að þar sem segir „Lokun götu“ sé lokun götu fyrir umferð umferð bifreiða og annarra skráningarskyldra ökutækja en opið gangandi og hjólandi, að alls ekki verði kantar sem hindri för hjólandi vegfarenda úr botni götunnar heldur verði rampar sem auðveldi för þeirra, gert sé ráð fyrir því að hjólandi komi hjólandi eftir götunni en ekki gangstéttum, Kirkjuteigur verði skiltaður með skilti 652.74, notaðir verði pollar (með 1,5 metra bili) til að hindra för bílstjóra ef þörf verður á, þverunin verði formlega merkt sem gangbraut, o.sv.frv.

Almennt

LHM gerir ráð fyrir að þessar tvær þveranir, við Hofteig og Kirkjuteig, verði sérstaklega lýstar og að hugað verði að því að staurar hindri ekki sjónlínur. Sérstaklega verði hugað að aukinni breidd þverunar við Hofteig með það í huga að þar er og verður töluverð umferð hjólandi jafnt sem gangandi.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Landssamtaka hjólréiðamanna

Erlendur S. Þorsteinsson


formaður stjórnar



Reykjavík, 5. ágúst 2026
USK26040131

Teigahverfi - Breyting á deiliskipulagi - Reykjavegur, Hofteigur, Kirkjuteigur – Svör við athugasemdum


Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna Reykjavegar, Hofteigs og Kirkjuteigs. Í breytingunni sem lögð er til felst að loka fyrir umferð Kirkjuteigs annars vegar og hins vegar Hofteigs inn á Reykjaveg og að minnka óverulega lóð Laugarnesskóla til að koma fyrir snúningssvæði við enda Hofteigs, samkvæmt uppdr. Landslags, dags. 13. apríl 2026. Tillagan var auglýst frá 15. maí 2026 til og með 26. júní 2026. Athugasemdir bárust. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. júní 2026 og er nú lagt fram að nýju.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag í gildi



Staðsetningar lokana á loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu liggur áhrifasvæði inni á svæði skilgreint S26 - Laugarnesskóli-Hof – Samfélagsþjónusta og ÍB21 - Teigar - Íbúðarbyggð.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Stgr. 1.360-1.365, Teigahverfis - syðri hluti sem var samþykkt í borgarráði 2. júlí 2002 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Athugasemdir bárust frá eftirfarandi aðilum:

1. Erlendur Smári Þorsteinsson, f.h. Landssamtaka hjólreiðamanna (LHM)



Reykjavík



Samantekt athugasemda og svara:

Tengsl við aðliggjandi svæði og samfella hjóla- og gönguleiða

LHM telja óljóst hvernig tengingum við aðliggjandi svæði austan Reykjavegar verði háttað og hefur áhyggjur af því að samfella hjóla- og gönguleiða raskist.

Svar:

Gert er ráð fyrir að umrædd leið um Hofteig verði áfram greið leið fyrir bæði hjólandi og gangandi vegfarendur. Athugasemdin virðist að hluta til byggja á því að skipulagsuppráttur sá sem fylgir auglýstri tillögu sýnir ekki nægjanlega vel þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á aðliggjandi svæði við Laugardal. Þar er gert ráð fyrir breytingum á aðkomu og tengingum þannig að samfella göngu- og hjólaleiða verði meiri og skýrari en hún er í dag. Með breytingunum er því ekki ætlunin að raska tengingum heldur að bæta þær.

Lokun á umferð

LHM telja orðalagið „lokað á umferð“ geta verið misskiljanlegt og óttast að það verði túlkað þannig að lokunin taki einnig til hjólandi vegfarenda.

Svar:

Tilgangur breytingarinnar er að loka fyrir gegnumakstur bifreiða um Hofteig og Kirkjuteig en ekki fyrir gangandi eða hjólandi vegfarendur. Áfram verður hægt að fara um svæðið gangandi og hjólandi og er ekki ætlunin að skerða aðgengi þessara vegfarendahópa. Jafnframt er eitt af meginmarkmiðum breytingarinnar að bæta öryggi gangandi vegfarenda við þverun Reykjavegar, sem er fjölfarin leið. Sérstaklega er horft til öryggis skólabarna sem fara um svæðið á leið til og frá skóla. Með því að draga úr gegnumakstri bifreiða skapast betri aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og umferðaröryggi á svæðinu eykst.

Orðun á uppdráttum er breytt til að umferð hjólandi vegfarenda verði einnig um lokanir götu samanber athugasemdir.

Lokunarsvæði og aðgengi hjólandi

Áhyggjur eru settar fram af því að kantsteinar eða annar frágangur geti torveldað för hjólandi og ýtt hjólréiðafólki yfir á gangstéttir.

Svar:

Við nánari hönnun svæðisins verður sérstaklega tekið mið af þörfum hjólandi vegfarenda. Gert verður ráð fyrir niðurtektum eða sambærilegum lausnum þar sem þess er þörf þannig að hjólandi geti farið um svæðið með greiðum og öruggum hætti. Ekki er ætlunin að skapa hindranir fyrir hjólandi umferð heldur tryggja að lokunin virki gagnvart bílaumferð án þess að draga úr aðgengi annarra vegfarenda.





Hofteigur sem mikilvæg hjólaleið

LHM leggja áherslu á að Hofteigur sé mikilvæg tenging fyrir hjólandi milli Laugardals og nærliggjandi svæða.

Svar:

Tekið er undir að leiðin gegnir mikilvægu hlutverki fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Fyrirhugaðar breytingar eru ekki ætlaðar til að draga úr því hlutverki heldur að bæta öryggi og umhverfi á svæðinu með því að draga úr gegnumakstri bifreiða. Jafnframt er gert ráð fyrir að tengingar við aðliggjandi svæði verði útfærðar með þeim hætti að samfella göngu- og hjólaleiða verði betri en nú er.

Merkingar, þveranir og öryggi

Óskað er eftir skýrari merkingum, vel hönnuðum þverunum og því að tekið verði mið af þörfum hjólandi vegfarenda við útfærslu svæðisins.

Svar:

Nákvæm útfærsla merkinga, þverana og annarra umferðaröryggisatriða verður unnin á hönnunarstigi verkefnisins. Við þá vinnu verður horft til þess að tryggja gott aðgengi og örugga umferð bæði gangandi og hjólandi vegfarenda, auk þess sem hugað verður að sýnileika og samfellu leiða um svæðið.

Lokun Kirkjuteigs

Sömu sjónarmið og fram koma um Hofteig eigi einnig við um Kirkjuteig.

Svar:

Sömu forsendur gilda um Kirkjuteig eins og fyrir Hofteig. Lokunin er ætluð til að takmarka gegnumakstur bifreiða en ekki að hindra umferð gangandi eða hjólandi vegfarenda. Við frekari hönnun verður einnig tekið mið af því að tryggja greiða og örugga för hjólandi og gangandi um svæðið. Með lokuninni er jafnframt stefnt að auknu öryggi við þveranir og betra umhverfi fyrir þá vegfarendur sem mest nýta svæðið, þar á meðal skólabörn og aðra gangandi vegfarendur.

Almennt um athugasemdirnar

Í umsögninni koma fram áhyggjur af því að breytingarnar geti haft neikvæð áhrif á aðgengi og samfellu hjóla- og gönguleiða við Hofteig og Kirkjuteig.

Tillaga að breytingum nær einungis til þess svæðis sem tilheyrir gildandi skipulagi og sýnir því ekki með nægilega skýrum hætti þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á aðliggjandi svæðum við Laugardal. Þegar breytingarnar eru skoðaðar í heild sinni er markmið þeirra að bæta öryggi gangandi vegfarenda, sérstaklega skólabarna, draga úr gegnumakstri bifreiða og tryggja áfram góða, örugga og samfellda tengingu fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur um svæðið.



Reykjavík



Niðurstaða

- Lagt er til að Breyting á deiliskipulagi - Reykjavegur, Hofteigur, Kirkjuteigur dags. 13. apríl 2026 verði samþykkt með breytingum sem gerðar voru á uppdrætti 26. júní 2026.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ágúst Skorri Sigurðsson

verkefnastjóri



Reykjavík